

1871.

25. maí.

mildilegast að fallast á, að greiða megi kostnaðinn við kennslu heyrnar og mállausra barna frá Íslandi úr hlutaðeiganda jafnaðarsjóði, ef hvorki þau sjálf nè þeir, sem að þeim standa, hafa efni til þess.

Þetta gefst yður (herra stiptamtmaður; herra amtmaður) til vitundar, yður til leiðbeiningar.

27. maí.

40. Bréf dómsmálastjórnarinnar til stiptamtmannsins yfir Íslandi, um lausn frá nafnbótum.

Með þessu bréfi gefst yður, herra stiptamtmaður, til vitundar, yður til leiðbeiningar og til þess þér kunngjörð það hlutaðeigendum, að dómsmálastjórnin hefir 24. þ. m. sent hans hátígn konunginum þegnlega skýrslu um það, að fyrrum stjórnardeildarsekreteri í utanríkisstjórninni, Dr. phil. Grímur Thomsen, og fyrrum vísi-jústízsekreteri í hinum konunglega íslenska landsyfirrætti, Ólafur M. Stephensen, hafi sagt af sér nafnbótum, sem þeim hafa verið veittar, hinn fyrri nafnbótinni sem legationsráð, og hinn síðari jústízáðsnaðnbót, og fellur skylda þeirra til þess að greiða nafnbótarskatt burtu frá 1. þ. m., samkvæmt tilskipun 17. septbr. 1870, 3. gr.

10. júní.

41. Bréf dómsmálastjórnarinnar til amtmannsins yfir vesturumdæminu, um nýja útgáfu af kennslubók Levys í yfirsetufræði.

Með bréfi, dagsettu 18. janúarm. þ. á., hafið þér, herra amtmaður, skýrt frá, að stiptamtmaðurinn yfir Íslandi hafi mælt til, að vesturamtíð ásamt með hinum ömtunum taki þátt í því, að greiða úr jafnaðarsjóði amtsins kostnaðinn við að gefa út nýja útleggingu á Íslenzku eptir héraðslækni Jónas Jónassen, á kennslubók

háskólakennara Levy's heitins í yfirsetufræðinni, sem er endurskoðuð af háskólakennara, Dr. med. Stadfeldt, þannig, að kostnaðinum verði jafnað niður eftir upphæð lausaffjártúndarinnar á hvert amt, en ömtin skuli aptur fá eftir tiltölu exemplör af því, sem nú verður prentað af bókinni, og hafið þær farið þess á leit, að dómsmálastjórnin samþykki, að greiða megi þann hluta af kostnaðinum, sem fellur á vesturamtíð, úr jafnaðarsjóðnum.

1871.

10. júní.

Útaf þessu gefst yður til vitundar, yður til leiðbeiningar, að stjórnarráðið fyrir sitt leyti hefir ekki neitt á móti því, sem þær hafið stungið uppá.

42. Bréf dómsmálastjórnarinnar til amtmannsins yfir norður- og austurumdæminu, um kostnað við aðhjúkrun betrunarhússfanga á spítala í Kaupmannahöfn.

15. júní.

Útaf því, að bæjarstjórnin í Kaupmannahöfn hefir mælt til við amtið, að fá endurgoldinn kostnaðinn við aðhjúkrun á Guðbjörgu Guðmundsdóttur, sem á sveit í Torfastaðahrepp í Húnavatnssýslu, á meðan að hún lá veik á bæjarspítalanum í Kaupmannahöfn, — en þangað kom hún 18. nóvbr. 1869, þá er henni var sleppt úr betrunarhúsinu, og var kostnaðurinn við lok júním. f. á: orðinn 112 rd. 48 sk., og jókst um 48 sk. fyrir hvern dag, er hún dvaldist á spítalanum fram yfir þenna tíma, þangað til henni var komið á limadeildina, þar sem kostnaðurinn er 16 sk. á dag, — hefir amtið í bræfi 14. febr. þ. á., um leið og vísað er til kansallíbræfs 6. nóvbr. 1845,¹ sbr. bréf dómsmálastjórnarinnar 5. júlí 1861,² bræfs innanríkisstjórnarinnar 28. apríl 1849,³ og bræfa dómsmálastjórnarinnar 30. júní 1864, 4. janúar 1865 og 11. júní 1866,⁴ álitíð, að hinn íslenzki dómsmálasjóður skuli

¹) Lovsamling for Island, XIII., 338.

²) Tíðindi um stjórnarmálefni Íslands, I., 496.

³) Lovsamling for Island, XIV., 258.

⁴) Tíðindi um stjórnarmálefni Íslands, II., 60, 119 og 355.